

Náms- og starfsráðgjöf

Menntaskólans við Hamrahlíð

Þjónusta fyrir nemendur

HAUST 2012

Allir nemendur Menntaskólans við Hamrahlíð hafa aðgang að þjónustu náms-og starfsráðgjafa. Náms-og starfsráðgjafar hafa aðsetur á Iðavelli. Við skólann starfa þrír náms-og starfsráðgjafar, Björg Kristjánsdóttir bjorgk@mh.is, Gunnhildur Gunnarsdóttir gug@mh.is og Fríður Reynisdóttir fridur@mh.is og hjúkrunarfræðingur Áshildur Arnarsdóttir ashildur@mh.is. Við hvetjum nemendur til þess að nýta sér þessa þjónustu.

Náms-og starfsráðgjöf er persónuleg leiðsögn við nemendur unnin af sérmenntuðum náms-og starfsráðgjöfum og fer fram í trúnaði. Til náms-og starfsráðgjafa geta nemendur leitað af margvíslegum ástæðum og eru þær algengustu tilgreindar á næstu síðum. Kennarar geta líka vísað nemendum til náms- og starfsráðgjafa.

NÁMSTÆKNI OG SKIPULAGNING TÍMA: Skipulögð vinnubrögð eru forsenda góðs námsárangurs. Í námi sem öðru auðvelda tímaáætlanir okkur að nýta best þann tíma sem við höfum og koma þær gagnlegu skipulagi á það sem við erum að fást við. Náms- og starfsráðgjafar aðstoða nemendur við að bæta vinnubrögð sín með markvissum aðferðum og vinnubrögðum.

NEMENDUR MEÐ SÉRTÆKA NÁMSÖRÐUGLEIKA:

Nemendur sem hafa fengið greiningu um einhvers konar sértæka námsörðugleika hjá taugasálfræðingi eða sérkennara þegar þeir byrja í skólanum eiga að koma í viðtal til náms- og starfsráðgjafa sem fyrst. Nemendur með slíka greiningu eiga rétt á lengri próftíma. Þeir þurfa að skila afriti af próftöflu til náms –og starfsráðgjafa með nafni og kennitölu í síðasta lagi **mánudaginn 16. apríl.**

VEIKINDI: Nemendur sem eiga við þrálát veikindi að stríða sem hamla þeim við nám og/eða mætingar eiga að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa sem metur þá hvort/eða með hvaða móti skólinn getur komið á móts við veikindin svo viðkomandi geti stundað námið en falli ekki á mætingu sökum veikinda.

PERSÓNULEGIR ERFIDLEIKAR: Erfiðar aðstæður nemenda, skilnaður foreldra, vandamál í einkalífi, þungun, kvíði s.s. prófkvíði, þunglyndi, lítið sjálfstraust, vinaleysi, einelti, ofbeldi, vímuefnanotkun o.fl. geta haft mjög slæm áhrif á gengi í námi. Nemendur eru hvattir til að leita til náms og starfsráðgjafa ef slíkt kemur upp. Einnig minnum við á hjúkrunarfræðing sem starfar við skólann og er með reglulega viðtalstíma.

UPPLÝSINGAR: Náms- og starfsráðgjafar veita upplýsingar um nám og námsleiðir í Menntaskólanum við Hamrahlíð og öðrum skólum. Á þetta m.a. við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla. Jafnframt er veitt aðstoð við að afla upplýsinga um nám erlendis.

RÁÐGJÖF VEGNA VALS Á NÁMI OG STARFI: Margir nemendur eru tvístígandi og vita ekki hvaða nám hentar þeim eða hvernig nám og störf tengjast. Því þarf oft á ráðgjöf að halda. Áhugasvið nemenda skiptir miklu varðandi náms- og starfsval og geta nemendur tekið áhugasviðspróf hjá náms- og starfsráðgjöfum. Með því að taka slíkt próf er hægt að kanna skipulega ýmsa möguleika á náms- og starfsvali með hliðsjón af áhugasviði.